# Leiðbeiningar um próftöku

**Skref 1:** Smellt er á Next til að fara yfir á næstu spurningu/dæmi.  Einnig má fara áfram með því að smella á prófhlutana efst fyrir miðju á skjánum.



**Skref 2:** Við próftöku er mögulegt að lyklaborð á I-pad birtist þótt ekki sé ætlunin að nota það. Viljir þú losna við það er einfaldlega smellt á hnappinn neðst í hægra horninu á lyklaborðinu til að fela það.



**Skref 3:** Í stærðfræðidæmum býður prófakerfið upp á hjálpargögn. Þau gögn finnast efst á skjánum fyrir ofan prófhlutana. Gráðuboginn er framkallaður með því að smella á Protractor. Mælst er til þess að nemendur noti þann gráðuboga og þá reglustiku sem kerfið býður upp á. Nemendum er frjálst að nota eigin vasareikni.



**Skref 4:** Svona lítur gráðuboginn út.  Hann má draga og snúa á alla vegu.



**Skref 5:** Smellt er á Calculator til að framkalla reiknivél.



**Skref 6:** Þegar lokið hefur verið við síðasta dæmið og smellt á Next neðst fyrir miðju á skjánum (sbr. skref 20) birtist þessi gluggi sem lætur þig vita að þú hafir lokið prófinu.  Smelltu á OK.



**Skref 7:** Smelltu á Ljúka Prófi



**Skref 8:** Smelltu á Yes ef þú telur að allt sé til reiðu.  Að öðrum kosti geturðu smellt á No og farið aftur í prófið ef þú villt fara betur yfir svör þín.



**Skref 9:** Farir þú út úr prófinu birtist þessi skjár.  Smelltu þrisvar sinnum hratt á heimahnappinn.



**Skref 10:** Sláðu inn sama fjögurra tölustafa lykilorð og í upphafi prófs (sjá leiðbeiningar um innskráningu í próf) til að fara endanlega út úr prófinu.



**Skref 11:** Smelltu á End efst í vinstra horninu til að loka kerfinu.

